

Námsáætlun – Vor 2017

Námsgrein: Íslenska 10 SM

Kennari: Fríða Pétursdóttir

Birt með fyrirvara um breytingar

Í kennslustundum er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi; lestur, lesskilning, málfræði, stafsetningu, umræður, túlkun og mat. Almennt hefjast kennslustundir á upprifjun og kynningu kennara á viðfangsefninu sem fylgt er eftir með margvíslegri verkefnavinnu. Nemendur vinna ýmist einir eða í þörum og hópum. Í bókmenntum er lögð sérstök áhersla á umræður og skoðanaskipti og að nemendur leysi verkefni í samvinnu við aðra. Ef gert er ráð fyrir heimavinnu munu upplýsingar um hana birtast á Mentor og einnig mun birtast þar nánari útfærsla á námsáætlun. Nemendur eru hvattir til að sinna heimanámi vel og muna sérstaklega eftir því að lestur er mikilvæg heimavinna.

Með markmiðum námsáætlunar í íslensku er stefnt að því að nemendur nái tókum á þeim hæfniviðmiðum sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla 2013).(<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>).

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Vorönn Janúar	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> lesið almennan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á og túlkað, skilið mikilvægi þess að að efla eigið læsi og geti valið sér lesefni til gagns og ánægju, flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hafi tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas, beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannist við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð, notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum, 	Lota 1 Yndislestur/kjörbók Ljóð: Kennslubókin Ljóð í tíunda. Bókmenntahugtök	Nemendur velja sér kjörbók og vinna skýrslu. Unnið í skóla og að hluta til heima. Í ljóðum ræðum við ákveðinn efnisþátt í hverjum tíma og nemendur vinna þjálfunarverkefni.	Kjörbókarskýrsla og munnleg skil Próf
Febrúar	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"> þekki og geti beitt helstu málfræðihugtökum, geti áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra texta, geti valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann, 	Lota 2 Setningafræði Kennslubókin Finnur 3. Lota 3 Bókmenntir: Englar alheimsins	Innlögn kennara, nemendur vinna verkefni til þess að festa í minni og auka færni. Umræður og verkefni.	Próf Ritgerðarpróf Stuttar lestrarkannanir og verkefni sem hafa vægi í námsmati.

	<ul style="list-style-type: none"> • geti nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar, • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim í rituðu máli, • geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða, • geti hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni. 			
Mars	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geti leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess, • geti beitt reglum um réttritun og geri sér grein fyrir að rétt 	<p>Lota 4 Heimildavinna og vinnubrögð við ritun heimildaverkefna.</p>	<p>Nemendur velja sér viðfangsefni innan ákveðins ramma og leita heimilda til þess að efla skilning sinn á viðfangsefninu.</p>	<p>Heimildaritgerð og kynning á verkefni.</p>

	<p>stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,</p> <ul style="list-style-type: none"> • geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um, • geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða og fasi, • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. 			
Apríl	<p>Nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við nýyrðasmíði og í orðaleikjum, • gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og geti nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum. 	<p>Lota 5 Málnotkun Námsefni: Kennslubókin Logar</p>	<p>Innlögn kennara, nemendur vinna verkefni til þess að festa í minni og auka færni.</p>	<p>Próf og skilaverkefni.</p>
Maí	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og lagt mat á þá og túlkað, 	<p>Lota 6 Vinna með ritun, texta og kvikmyndir</p>		<p>Verkefnabók og munnleg skil.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • beitt mismunandi aðferðum við lestur, • geti gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því, • nýtt sér efni fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp og kvikmyndir og tekið afstöðu til þess. 	<p>Námsefni: Kennslubókin Logar</p>		<p>Önninni lýkur með annarprófi þar sem reynir á þá námsþætti sem lagðir hafa verið til grundvallar á þessari önn. Einnig verða lagðar fyrir 2 stafsetningarkannanir á önninni.</p>
--	---	---	--	---

Námsgrein: enska 10. b

Kennari: Karen Jóhannsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst- júní	Að nemandinn geti tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt, án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.	Hlustun	Hlustunar æfingar og hlustunarefni úr ýmsum áttum. Lesnar smásögur, gömul samræmd próf unnin og hlustunaræfingar úr námsbókunum. Nemendur þjálfaðir í að skilja leiðbeiningar kennara í kennslustundum og hlusta á samnemendur.	Krossapróf sem fylgja gömlum samræmdum prófum, umræður og munnleg yfirferð á hlustunarefni, jafningjamat
	Að nemandinn geti lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum, aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu, lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt,	Lesskilningur	Lestextar af ýmsum toga s.s. smásögur, skáldsögur, blaðgreinar og textar sem nemendur velja sjálfir. Textarnir lesnir nemendum til ánægju, umræðu og til að auka orðaforða. Nemendur æfa sig í að þekkja aðalatriðin með því að útbúa staðreyndarspurningar. Umræður um boðskap og það sem sagt er milli lína fara fram í tímum til að dýpka skilning og ýta undir gagnrýna hugsun	Lesskilningspróf, umræður í tímum metnar, útdrættir metnir, jafningjamat og sjálfsmat
	Að nemandinn geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt	Ritun	Fjölbreyttir textar skrifaðir s.s. útdrættir, persónulýsingar, gagnrýni o.fl. unnið uppúr sögum, myndum og	Textarnir metnir eftir gæðum innihaldsins og gæðum tungumálsins.

	fram á allgóð tók á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki og samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.		öðrum sem unnið er með í kennslunni. Skapandi skrif s.s. smásögur, sendibréf eða ljóð	Notað verður leiðsagnamat, sjálfsmat og félagamat
	Að nemandinn geti sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði, getur bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum. Að nemandinn geti sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum, greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv., flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.	Talað mál: samræður og framsögn	Samskipti í kennslustofunni fara fram á ensku. Nemendur hvattir til samræðna og umræðna um alla þætti námsins, bæði innihald efnis og einnig uppbyggingu tungumálsins og málfræðilega þætti þess. Nemendur halda bókarkynningar þar sem boðið er uppá spurningar og umræður um bókina.	Leiðsagnamat, óformlegt sjálfsmat og jafningjamat þar sem notaðir eru matslistar sem nemendur hafa unnið

Námshæfing: Náttúrufræði 10. bekkur

Kennari: Ingibjörg Kristín Gunnarsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
nóv.-jan.	<p>Umhverfisfræði Stefnt er að því að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - beitt helstu hugtökum og heitum í náttúrugreinum - lesið texta um náttúrufræði sér til gagns og farið eftir verklýsingum tilrauna - lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru í heiminum - útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar - lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna - gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun. 	<p>Maður og náttúra</p> <ul style="list-style-type: none"> • umhverfi okkar, umhverfisvandamál • Ljóstillífun og bruni • Vistfræði • Gróðurhúsalofttegundir • Gróðurhúsaáhrif • Loftmengun, ósonlagið • Samábyrgð í náttúruvernd í heimabyggð og á jörðinni 	<p>Innlagnir frá kennara, myndbönd og verkefnavinna nemenda. Tilraunir og athuganir Samvinna og einstaklingsvinna</p> <p>Fræðslumyndbönd</p>	<p>Jafningjamat Sjálfsmat Skýrslugerð</p> <p>Greinargerð um loftslagsbreytingar, áhrif þeirra á jörðina, gjörðir okkar manna og hvað skal gera til að sporna við hnattrænni hlýnun.</p>
feb.-mars	<p>Efnafræði Stefnt er að því að nemandi geti:</p>	<p>Efnisheimurinn kaflar 1-2. Frumefni, tákni þeirra Efnasambönd, efnablöndur, formúlur. Frumefnin og</p>		<p>Símat, kaflapróf og vinnubók metin. Einnig er horft til sjálfstæðra</p>

	<ul style="list-style-type: none"> - nýtt frumeindakeninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á skýran og gagnrýnin hátt við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda 	mannslíkaminn. Hamur efnis - táknin s, l og g. Efnabreytingar Frumeindir og sameindir Frumeindakeningin Öreindir, Frumeindamassi, lotukerfið,		vinnubragða, ábyrgðar á eigin námi og virkni.
apr.-maí	Markmið með námi í erfðafræði er að nemendur: <ul style="list-style-type: none"> - geti útskýrt hvernig ættareinkenni erfast - geri grein fyrir uppbyggingu DNA - ræði um samspil erfða og umhverfis - læri um ríkjandi og víkjandi gen / eiginleika hjá mönnum 	Erfðir og erfðaeefni <ul style="list-style-type: none"> • lögmál erfðanna • erfðagallar • erfðatækni • Litningar, DNA og gen • Víkjandi ríkjandi gen Samspil erfða og umhverfis	Valverkefni nemenda	

Námsgrein: Samfélagsfræði
Kennari: Helga Halldórsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Vika 1-2	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur átti sig átti sig á stöðu sinni og hlutverkum í samfélaginu. Hvaða þættir móta þá stöðu og að hve miklu leyti ráðum við henni sjálf? Einnig að við gegnum ólíkum hlutverkum eftir aðstæðum og hópum hverju sinni. Að nemendur átti sig á mikilvægi fjölmiðla bæði sem upplýsingagjafa og mótunaraðila. Læri að lesa fréttir og meta áreiðanleika þeirra Að nemendur velti fyrir sér hvaða aðilar í lífi okkar hafa helst áhrif á að móta okkur 	Staða Hlutverk Félagsmótun Fjölmiðlar	Heimalestur Verkefnavinna Umræður Hópavinna Einstaklingsvinna	Sjálfsmat Jafningjamat Mat kennara
Vika 4-6	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur átti sig á hugtakinu menning, hvað mótar hana og hvernig hún mótar okkur. Einnig á menningarlegum mun milli kynja, starfsstétta o.fl. Að nemendur velti fyrir sér neytlusamfélaginu sem við búum í, mikilvægi sjálfbærrar þróunar og hvernig sporna má gegn matarsóun. Að nemendur átti sig á hvaða þættir móta helst menninguna og hvaða munur er á menningu þróunarlanda annars vegar og iðnvæddra landa hins vegar. 	Menning Samfélag Þróunarlönd Neytlusamfélag Kynhlutverk Jafnrétti	Heimalestur Verkefnavinna Umræður Hópavinna Einstaklingsvinna	Sjálfsmat Jafningjamat Mat kennara
Vika 7-8	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur skoði mismunandi fjölskyldugerðir og átti sig á því að fjölskyldur geta verið ólíkar eftir 	Fjölskyldan Skilnaðir	Heimalestur Verkefnavinna	Sjálfsmat Jafningjamat

	<p>menningarheimum, einnig mismunandi hvernig við skilgreinum fjölskyldur.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur velti fyrir sér breytingum sem orðið hafa frá því á 19. öld á fjölskyldugerðum, hlutverkum, skilnaðartíðni o.fl. • Hlutverk fjölskyldunnar í lífi fólks, mikilvægi hennar og mismunandi staða fjölskyldumeðlima 	Hlutverk fjölskyldunnar	Umræður Hópavinna Einstaklingsvinna	Mat kennara
Vika 9-10	Vetrarfrí og samræmd próf			
Vika 11-13	<ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur átti sig á hugtakinu ást, bæði sem tilfinningu en einnig út frá fræðilegri skilgreiningu. Hvað er það að vera ástfanginn, lenda í ástarsorg og allar þær tilfinningar sem því fylgja. • Að nemendur fræðist um mismunandi tegundir hjónabanda og átti sig á að þau snúast ekki alltaf bara um rómantískt bónorð milli karls og konu • Að nemendur átti sig á mikilvægi þess að stunda ábyrgt kynlíf með samþykki beggja aðila og einnig hvað kynferðisleg áreitni og ofbeldi fela í sér. 	Ást Menningarlegur munur Áreitni og misnotkun Frjálst val, breyttir tímar	Heimalestur Verkefnavinna Umræður Hópavinna Einstaklingsvinna	Sjálfsmat Jafningjamat Mat kennara
Vika 14 - 15	Árshátíð og páskaleyfi			
Vika 16-18	<ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur kynnist mismunandi trúarbrögðum, útbreiðslu þeirra , uppruna og sögu. • Að nemendur velti fyrir sér gildi/ mikilvægi trúarbragða fyrir einstaklinga og samfélög. 	Trú/trúarbrögð Siðaboðskapur Átök og spenna	Heimalestur Verkefnavinna Umræður Hópavinna Einstaklingsvinna	Sjálfsmat Jafningjamat Mat kennara
Vika 19-20	<ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur átti sig á hugtökunum viðmið og frávik í tengslum við skráðar og óskráðar reglur í samfélaginu. 	Viðmið og frávik Afbrot	Heimalestur Verkefnavinna	Sjálfsmat Jafningjamat

	<ul style="list-style-type: none">• Að nemendur kynnist dóms- og réttarkerfi á Íslandi og í öðrum löndum.• Að nemendur kynni sér hvernig samfélag fær fólk til að fara eftir viðmiðum (reglum).	Réttarkerfið Dómstólar Viðhorf til afbrota Refsingar	Umræður Hópavinna Einstaklingsvinna	Mat kennara
--	--	---	---	-------------

Námsgrein: Heimilisfræði

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Kennt 2 tíma á viku í ca 6-7 vikur

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
1.vika	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">• Geti beitt fjölbreyttum baksturs og matreiðsluaðferðum.• Sýnt sjálfstæð vinnubrögð• Farið eftir helstu reglum um þrif og frágang í eldhúsi• Geti unnið sjálfstætt eftir uppskrift.	Tertubakstur	Innlögn, sýnikennsla, einstaklings, para og hópavinna/samvinna.	Símat sem byggir á vinnubrögðum og virkni, sýnt sjálfstæð vinnubrögð og geti beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnustað. Geti unnið eftir uppskrift Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi.
2.vika	Geti matreitt fjölbreyttar og hollar, vel samsettar máltíðir úr fjölbreyttu hráefni og geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess helstu mæli og eldhúsáhöld. Geti tengt næringarfræðina við matinn sem unnið er með.	Heimilisréttir: - hakkréttir - kjúklingaréttir -súpa, brauð og meðlæti, kaka eða eftirréttur.	Innlögn Para og hópavinna	Símat
3.vika	Geti beitt fjölbreyttum matreiðsluaðferðum og gengið frá eftir vinnu sína.	Ísgerð, búðingar, ostakökur	Innlögn, sýnikennsla, paravinna, samvinna	Símat

4.vika	Geti greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu	Bóklegur tími Unnið í Næring og lífshættir um næringarfræði.	Innlögn, verkefnavinna, einstaklingsvinna	Símat Verkefni eru metin úr vinnubók
5.vika	Þjálfist í verklegum vinnubrögðum. Þjálfist í að fara eftir uppskriftum Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum	Bökur sætar og ósætar: kjúklingabaka, hakkbaka, spínatbaka, berjabaka, eplabaka.	Innlögn, sýnikennsla, para og samvinna.	Símat
6.vika	Geti beitt fjölbreyttum baksturs og matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli og eldhúsahöld.	Smáréttir-heitir brauðréttir	Innlögn, para og samvinna	Símat
7.vika		Pitsur 3-4 tegundir.	Para og samvinna.	Símat

Námsgrein: Myndmennt 10. bekkur

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skólaárið 2016-2017	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> - Temji sér sjálfstæð vinnubrögð og skapandi útfærslu viðfangsefna - Hagnýtir sér á skapandi hátt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast - Beitir þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir - Sýnir frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði 	Hugmyndir og útfærsla hugmynda	Kynning Innlögn Verklegar æfingar	Frammistöðumat Símat - byggt á hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla – s.s. hugmyndavinnu, tækniþjálfun og framkvæmd. Tekið tillit til virkni og vinnubragða, umgengi um efni og áhöld og frágangs á vinnusvæði. Vinnuferli er metið til jafns á við fullunnið verk.
	<ul style="list-style-type: none"> - Greint, borið saman og lýst ýmsm stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr - Setur verkefni sín í menningarlegt samhengi - Velur á milli mismunandi aðferða við sköpun, profar sig áfram og vinnur hugmyndir í fjölbreytta miðla 	Listasagan – Frásagnarhlutverk myndlista í sögulegu ljósi	Fyrirlestur Innlögn Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn	Símat - leiðsagnarmat Sjálfstæð vinnubrögð Frumkvæði og tilraunir Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk
	<ul style="list-style-type: none"> - Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta - Vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til afurðar - 	Læsi – texti og myndir – myndræn frásögn Grenndarfræði – listaverk í umhverfinu	Innlögn Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn Vettvangsathugun	Símat; Hugmyndavinnu – útfærsla hugmynda Frumleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum Þrautseigja og metnaður Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk

				Umgengni og frágangur á vinnusvæði
	<ul style="list-style-type: none"> - Nýtir sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð mismunandi verkfæra og efniviðar - Prófar sig áfram og er óhræddur við að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt - Sýnir frumkvæði og skapandi úrlausnir í hugmyndavinnu og útfærslu hugmynda - Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir - Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir - Greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina 	<p>Listasagan – málun Hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Umræður</p>	<p>Innlögn á viðfangsefni – sögulegar tengingar</p> <p>Kynning – efni og aðferðir</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>umræður</p>	<p>Símat – leiðsagnarmat</p> <p>Gagnaöflun og úrvinnsla upplýsinga</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Frammistöumat</p> <p>Símat – leiðsagnarmat</p> <p>Frumleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>Tilraunir, lausnaleyti</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p>

Námsgrein: Íþróttir

Kennari: Páll Viðar Gíslason

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
26.janúar- 28.apríl	Fjölbreytt hreyfinám Auka þol, styrk, snerpu og liðleika Þjálfar færni í sem flestum íþróttagreinum Efla færni í samskiptum Fræða um heilbrigði	Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjálsar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL	Leikir ráðandi þáttur VAL – krakkarnir stjórna 4- 6 saman einum íþróttatíma yfir veturinn og skila tímaseðli á stöðluðu formi	Stöðumat, greinandi mat og lokamat.
2.maí- 26.maí	Fjölbreytt hreyfinám Læra að klæða sig eftir veðri og vindum Kynnast nánasta umhverfi skólans	Útiþróttir	Boginn, frjálsíþróttavöllur á Þórsvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta umhverfi skólans, stiginn við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn	Stöðumat, greinandi mat og lokamat.